

STF-2017-02 Rannsókn á gæsabeit

Rannsókn á gæsabeit í túnum í Skaftárhreppi. Þessar rannsóknir hafa verið stundaðar í Hornafirði í þrjú ár en einnig í Skaftárhreppi árið 2014 á einu túni á Stjórnarsandi. Rannsóknin hefur verið styrkt af Framleiðnisjóði Landbúnaðarins og Veiðikortasjóði, en markmiðið er að hefja aftur rannsóknir á beit gæsa í túnum bænda að vori í Skaftárhreppi.

Náttúrufarsúttekt í Skúmey í Jökulsárlóni, eyju sem kom undan jökli um árið 2000. Þangað verður farið í vettvangsferðir að vori og sumri 2017. Vegna einangrunar frá fastalandinu er hún griðastaður ýmissa fugla en þar þrífst einnig gróður og skordýr. Landslagið einkennist af jökulmenjum, t.d. jökulgörðum og árið 2014 verptu rúmlega 360 helsingjapör í skjóli þeirra.

Bændur græða landið er verkefni á vegum Landgræðslu ríkisins. Landgræðsla ríkisins hefur gefið vilyrði fyrir því að greiða hluta launa starfsmanns með aðsetur á Klaustri til að sinna úttektum og heimsóknum til bænda sem eru í verkefninu Bændur græða landið. Felst starfið í heimsóknum til þátttakenda í verkefninu þar sem gerð er úttekt á starfinu og áætlun yfirfarin eftir vinnureglum Landgræðslunnar. Verða bændur sem taka þátt í verkefninu á svæðinu frá Mýrdalssandi að Lóni heimsóttir á tímabilinu júní- september 2017.

Verkefninu var úthlutað kr. 500.000.- árið 2017.